

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandinn greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar, svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúss, að dómi rafveitustjóra.

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 100.00 á hvern mæli.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 100.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

#### V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGAR

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur. Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er bæjarstjórn heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikningana um allt að 50% af hækkuninni.

#### VI. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur er innifalinn í verðinu, svo og verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir Rafveitu Grindavíkur.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. nóvember 1974.*

**F. h. r.**

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## AUGLÝSING

um sérlyf, sem samþykkt hafa verið til upptöku á sérlyfjaskrá.

Eftirtalin sérlyf hafa verið samþykkt til upptöku á sérlyfjaskrá:

AMOXIL (Beecham, 1646)

Dreifuduft 4. fl.

1 ml inniheldur: Amoxycillini  
trihydras 50 mg.

Hylki 4. fl.

Hvert hylki inniheldur:  
Amoxycillini trihydras 0,375 g.

---

BACTRIM (Roche, 1617)  
Stungulyf 4. fl.

Hver lykja inniheldur:  
Trimethoprimum NFN 80 mg,  
Sulfamethoxazolium NFN 0,4 g.

---

CALMURIL-HYDROCORTISON  
(Asa, 1685)  
Krem 50. fl.

1 g inniheldur: Carbamidum  
0,1 g, Acidum lacticum 50 mg,  
Hydrocortisonum NFN 10 mg.

---

DALACIN C, (Upjohn 1234)  
Dreifuduft 4. fl.

1 ml af lyfinu fullbúnu inniheldur: Palmítatestra af Streptovarycini chloridum NFN, samsvarandi Streptovarycinum NFN 15 mg.

---

DOPAMET (Dumex, 1693)  
Töflur 30. fl.

Hver tafla inniheldur:  
Methyldopum NFN 0,25 g  
(Filmhúðað).

---

DOPAMET (Dumex, 1628)  
Töflur 30. fl.

Hver tafla inniheldur:  
Methyldopum NFN 0,5 g  
(Filmhúðað).

---

DUO-AUTOHALER (Riker, 1464)  
Innúðalyf 32. fl.

1 ml inniheldur: Isoprenalini chloridum NFN 8 mg,  
Metaoxedrini bitartras NFN 12 mg.

---

FUNGILIN (Squibb, 1667)  
Töflur 4. fl., 47. fl.

Hver tafla inniheldur:  
Amphotericinum NFN 10 mg.

---

ISO-AUTOHALER (Riker, 1465)  
Innúðalyf 32. fl.

1 ml inniheldur: Isoprenalini sulfas NFN 4 mg.

---

LOMUDAL (Fisons, 1561)  
Duft í hylkjum til innöndunar  
32. fl.

Hvert hylki inniheldur:  
Natrii cromoglicas NFN 20 mg.

---

SEPTRIN (Wellcome, 1720) Saft 4. fl.	1 ml inniheldur: Trimethoprimum NFN 8 mg, Sulfamethoxazolum NFN 40 mg.
Töflur 4. fl.	Hver tafla inniheldur: Trimethoprimum NFN 80 mg, Sulfa- methoxazolum NFN 0,4 g.
Töflur paediatric 4. fl.	Hver tafla inniheldur: Trimethoprimum NFN 20 mg, Sulfa- methoxazolum NFN 0,1 g.
TRASICOR (Ciba-Geigy, 1250) Töflur 14. fl., 30. fl., 31. fl.	Hver tafla inniheldur: Oxprenololi chloridum NFN 80 mg.
TROBICIN (Upjohn, 1539) Stungulyf 4. fl.	Hvert hettuglas inniheldur: Spectinomycini chloridum NFN 0,2 g, þurrefni. Leysir fylgir.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. nóvember 1974.*

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

*Almar Grimsson.*

## G J A L D S K R Á

fyri Rafveitu Akureyrar.

### I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

A—1 Kr. 33.33 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 9.45 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 4 821.00 á ári fyrir 25 m<sup>2</sup> gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 143.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 33.33 hver kWst. til ljósa og kr. 7.64 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 6.31 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 50.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti